

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn 14. október 2024 kl. 15.00

Mættir: Sveinn Júlíus Sveinsson foreldrafulltrúi, Elfar Þór Bragason fulltrúi foreldrar, Jón H. Sigurmundsson fulltrúi grenndarsamfélags, Hrönn Guðfinnsdóttir kennarafulltrúi, Eva Káradóttir kennari, fulltrúi starfsmanna Sigrún Huld Pálmarsdóttir, Þorgerður Kolbrá Hermundardóttir fulltrúi nemenda 10.bekk, Annalís Ósk Rodríguez fulltrúi nemenda í 10.bekk, Guðrún Olga Garðarsdóttir, fulltrúi nemenda í 9. bekk, Karina Murszewska fulltrúi nemenda í 9.bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Garðar Geirfinnsson aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri bauð skólaráðsfulltrúa velkomna á fyrsta skólaráðsfund. Gengið til dagskrár.

1. Ólína setti fund og kynnti fulltrúa í skólaráði.
2. Ólína fór yfir hlutverk skólaráðs í stórum dráttum. Hún fór yfir nokkrar starfsreglur í skólaráði sem við getum nýtt okkur.
3. Fundartímar skólaráðs í vetur.
Ákveðið að hafa fundina kl. 15.00 á mánudögum.
Dagsetningar eru: 9. desember, 10. mars og opinn fundur 19. maí.
4. Starfsáætlun skólaársins 2024-2025. Ólína fór yfir hana, engar athugasemdir komu. Hún mun því fara til kynningar til foreldra og síðan á heimasíðu.
5. Símareglur breytingar. Ólína fór yfir þá vinnu sem farið hefur fram í tengslum við hugsanlegar breytingar á þeim. Megin markmiðið að nemendur fái frí frá sínum á skólatíma. Stefnt að því að nýjar símareglur verði kynntar næstu mánaðarmót.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:34
Garðar Geirfinnsson, fundarritari